



Kæru stjórnir frístundahúsafélaga í Grímsnes- og Grafningshreppi,
Nú þegar daginn fer að lengja þá höfum við nokkrar fréttir fyrir ykkur.

Sorpmál

Líkt og margir hafa eflaust tekið eftir eru töluverðar breytingar í gangi á sorpmálum í sveitarfélaginu. Gjaldtaka er hafin á Gámasvæðinu Seyðishólum og ættu allir fasteignaeigendur að vera búnir að fá í hendurnar klippikort sem veitir þeim heimild til þess að henda allt að 4,5 rúmmetrum af gjaldskyldum úrgangi á svæðinu.

Það stendur svo til að girða svæðið af og loka því, þannig að ekki verði hægt að fara inn á svæðið utan opnunartíma.

Til þess að koma til móts við fasteignaeigendur og gera þeim auðveldara fyrir að flokka heimilisúrgang hefur sveitarfélagið hins vegar ákveðið að fara af stað með grenndarstöðvaverkefni. Þannig munu á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu verða settar upp grenndarstöðvar þar sem hægt verður að losa sig við almennt sorp, pappír, plast, málma, gler og lífrænan úrgang í þar til gerð ílát. Með þessu vonumst við til þess að flokkun í frístundahúsnæðum muni aukast, sem skilar sér í lægri kostnaði við sorphirðu og sorpeyðingu fyrir okkur öll.

Flestir ættu einnig að verða orðnir meðvitaðir um umhverfislegan ávinning þess að flokka rétt, og vonumst við til þess að flokkunarhlutfall úrgangs í sveitarfélaginu aukist með þessari viðbótarþjónustu.

Það er hins vegar lykilatriði til þess að verkefnið gangi upp að umgengni á svæðunum sé góð, sem og flokkun í gámana.

Hér í viðhengi má svo sjá stutta glærुकynningu á verkefninu, sem gefur hugmynd um það hvernig svæðin koma til með að líta út, hvar þau verða og hvernig gámar verða á svæðunum, ásamt fleiri upplýsingum.

Stefnt er að því að taka grenndarstöðvarnar í notkun í lok mars eða byrjun apríl, en það verður nánar auglýst þegar að því kemur.

Á facebook síðunni: [Gámastöðin Seyðishólum](#) má finna ýmsa hagnýta og fróðlega punkta um flokkun en þar verða einnig setta inn upplýsingar um grenndarstöðvarnar.

Lífræn flokkun í frístundahúsum

Til þess að hjálpa fólki að komast af stað í flokkun á lífrænum úrgangi hefur sveitarfélagið svo ákveðið að gefa öllum frístundahúsaeigendum sérstök söfnunarílát fyrir úrganginn.

Um er að ræða græna 8 lítra körfu með loki sem hentar einstaklega vel að geyma í eldhúsinu. Með körfunum mun svo fylgja ein rúlla af maíspokum, en lífræna úrganginn má einungis setja í jarðgeranlega poka úr maís eða pappa.



Pokar eins og þeir sem fylgja með körfunni munu svo koma til með að fást í Versluninni Borg á góðum kjörum.

Hægt verður að nálgast körfurnar frá og með deginum í dag á skrifstofu sveitarfélagsins á opnunartíma milli 9:00 og 15:00 alla virka daga.

Til þess að fara betur yfir þessi mál eru fulltrúar sveitarfélagsins tilbúnir til þess að hitta stjórnir frístundahúsaáfélaganna vikuna 23. mars – 27. mars á Borg milli 9:00 - 15.00.

Þar getum við meðal annars útskýrt flokkunina og fyrirkomulagið á grenndarstöðvunum.

Til þess að óska eftir fundartíma er best að senda tölvupóst á netfangið oddviti@gogg.is.

Læst hlið og símahlið

Enn er nokkuð um það að þjónustuaðilar á vegum sveitarfélagsins hafi ekki aðgang að hliðum inn í sumarhúsaáhverfi, hvort sem það eru símahlið eða lyklahlið.

Við viljum því beina þeim tilmælum til félaganna að til þess að hægt sé að þjónusta þau hverfi þurfa tilteknir aðilar að hafa aðgang að þeim, en nánari upplýsingar um það má nálgast [hér](#) á heimasíðu sveitarfélagsins.

Heimasíða sveitarfélagsins

Heimasíða sveitarfélagsins hefur einmitt fengið nýtt útlit og er orðinn notendavænni, en þar má bæði nálgast fréttir úr sveitarfélaginu sem og upplýsingar um þjónustuaðila á svæðinu. Sérstaklega er vakin athygli á nýjum flipa á forsíðunni sem nefnist „Eigendur frístundahúsa“, en þar má finna ýmsar upplýsingar sem viðkoma frístundahúsaeigendum.

Álagningarseðlar

Við viljum benda frístundahúsaeigendum á að álagningarseðla er að finna inn á www.island.is undir pósthólf og [hér](#) má finna útskýringar á álagningarseðlinum.

Að lokum má svo nefna að á vordögum tekur til starfa nýr þjónustufulltrúi seyruverkefnisins sem kemur til með að verða tengiliður milli fasteignaeigenda og sveitarfélaganna sem að verkefninu standa varðandi seyrumál.

Með því vonumst við til þess að upplýsingagjöf og eftirfylgni með hreinsun rotþróa verði markvissari.

*Með bestu kveðju,
Ása Valdís Árnadóttir
Oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps
Sími: 480-5500
Netfang: oddviti@gogg.is
Veffang: www.gogg.is
Borg, 805 Selfoss
[Skilmálar/Disclaimer](#)*

